



Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Borgartún 12
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2026
MSS22060075
HSG

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 17.3.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Kosning í heilbrigðisnefnd - 17. mars

Samþykkt með 16 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar Dóru Bjartar Guðjónsdóttur, Hjálmars Sveinssonar, Söru Bjargar Sigurðardóttur, Skúla Helgasonar og Ellenar Jacqueline Calmon og borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Viðreisnar, Flokks fólksins og Vinstri grænna að taka á dagskrá kosningu í heilbrigðisnefnd gegn tveimur atkvæðum borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur.

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri og borgarfulltrúar Framsóknarflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS22060075

Kosnir eru af SPJFV-lista:

Hjálmar Sveinsson
Birkir Ingibjartsson
Einar Sveinbjörn Guðmundsson

Kosin er af DC-lista:

Sandra Hlíf Ocares

Kosinn er af B-lista

Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Formaður er kjörinn án atkvæðagreiðslu Hjálmar Sveinsson

Varafulltrúar eru kosnir með sama hætti.

Kosin eru af SPJFV-lista:

Pétur Marteinn Urbancic Tómasson
Ólöf Helga Jakobsdóttir
Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns

Kosin er af DC-lista:

Birna Hafstein

Kosin er af B-lista:

Ásta Björg Björgvinsdóttir



Reykjavík



Einnig barst listi óháðra borgarfulltrúa, Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur, en fulltrúi af þeim lista náði ekki kjöri.

Borgarfulltrúarnir Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir leggja fram svohljóðandi bókun:

Við mótmælum málsmeðferð vegna tillagna Sjálfstæðisflokksins við endurskipun í ráð og nefndir. Tillögurnar voru fyrst kynntar eftir að yfirstandandi fundur borgarstjórnar hófst, sem gengur í berhögg við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Í 10. grein samþykktarinnar er skýrlega kveðið á um að tilkynna skuli forsætisnefnd skriflega um mál, sem óskað er eftir að tekið verði á dagskrá borgarstjórnarfundar, fyrir kl. níu á föstudegi fyrir reglulegan fund. Einnig er kveðið á um það í áðurnefndri grein að þegar kosningar til ráða séu á dagskrá borgarstjórnar, skuli senda forsætisnefnd upplýsingar um nöfn þeirra, sem lagt er til að taki sæti. Þar sem formreglum var ekki fullnægt, hefði verið eðlilegt að fresta afgreiðslu tillögunnar. Komið hefur fyrir að slíkar tillögur hafi verið teknar á dagskrá borgarstjórnarfundar með afbrigðum. Í þeim tilvikum hefur verið um mannabreytingar að ræða, sem sátt hefur verið um. Ekki er um slíka sátt að ræða í þessu tilviki. Markmið tillagnanna er að útiloka tvo borgarfulltrúa frá öllu nefndastarfi á vettvangi borgarstjórnar. Þar sem starf borgarstjórnar grundvallast á slíku nefndastarfi, hafa tillögurnar víðtæk ólýðræðisleg áhrif. Vegna þess hefði einnig verið rétt að fresta afgreiðslu tillagnanna og gefa þannig borgarfulltrúum tíma til að kynna sér þær og meta áhrif þeirra.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit:
Skrifstofa borgarstjórnar
Launadeild
Regluvörður
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Kjörnir fulltrúar



Reykjavík